

Múltíkúltí - íslenska

GÆÐARAMMI

MÚLTÍKÚLTÍ – ÍSLENSKA Útgefið 2023

Innihald

2. Nemendur og kennsla	4
2.1 Skráning.....	5
2.2 Námsumhverfi og aðbúnaður	5
2.3 Lok námskeiða.....	5
2.4 Nemendabókhalda.....	5
3.1 Kennarar.....	6
3.1.1 Ráðningarferli.....	6
3.2 Námsefni	7
5.1 Réttindi, skyldur og ágreiningsmál.....	9
6. Gæðastjórnun	11
6.1 Fundur með kennurum – námsefni og fleira	11
6.2 Kannanir - lokamat.....	12

1. Um Múltikúlti íslensku

Markmið Múltikúlti íslensku er að veita nemendum sem sækja námskeið hjá skólanum góðan grunn í íslensku og gefa þeim tæki og tól til að takast á við tilveru á nýjum stað. Við leggjum metnað okkar í að láta nemendum okkar líða vel og skapa umhverfi þar sem þeim finnst þeir velkomnir og öðlist sem jákvæðast viðhorf gagnvart náminu og veru sinni á Íslandi. Þessum markmiðum náum við með því hafa litla hópa, að hámarki 12 manns í hverju námskeiði. Þá náum við að tengja nemendur betur saman og koma í veg fyrir að þeir „týnist“ í hópnum með því að nemendur sitja í hring í kringum borð og kennarinn situr við endann. (Þeirri uppröðun höfum við tímabundið hætt eftir að covid 19 skall á.) Markhópurinn er erlendir íbúar á höfuðborgarsvæðinu, en auk þeirra eru alltaf einhverjir sem búa utan þess svæðis og eru í fjarnámi).

Megináherslan er á opin námskeið, sem sniðin eru samkvæmt námskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, en Múltikúlti íslenska hefur auk þess þróað og haldið námskeið á við Farveg 1, 2 og 3, þar sem fléttað er saman íslenskukennslu, menningarfærni og lífsleikni, og Múrbrjót, þar sem nemendur með fullnægjandi grunn í íslensku læra um íslenskan vinnumarkað, atvinnuleit og fá þjálfun í atvinnuviðtölum á íslensku. Hefur Múltikúlti íslenska haldið tugi slíkra námskeiða fyrir Vinnumálastofnun á undanförunum árum. Þá hefur Múltikúlti íslenska haldið fjölda námskeiða í fyrirtækjum, þar sem námsefnið hefur verið aðlagð að þörfum fyrirtækisins og þeim orðaforða og samskiptum sem hentar starfsemi viðkomandi fyrirtækis.

Á heimasíðu Múltikúlti íslensku, www.multimal.org, má finna lýsingar (á íslensku og ensku) á opnum námskeiðum, frá 1. til 6. stigs, auk annarra tungumálanámskeiða og talnámskeiða í íslensku.

2. Nemendur og kennsla

Kennslan á fimm fyrstu stigum íslenskunámsins er samkvæmt fimm kennsluheftum sem voru samin með námsskrá Menntamálaráðuneytisins um íslenskukennslu fyrir útlendinga til hliðsjónar. Námskeiðið á hverju stigi spannar 60 kennslustundir, eða 40 klukkustundir. Á sjötta stigi er ekki kennslubók, þar er aðaláherslan á lestur bóka og/eða fréttar og umræður í tímum, auk þema sem koma fram í námsskrá Menntamálaráðuneytisins. Kennslan er að

mestu staðbundin, í húsnæði Múltikúlti íslensku á Bolholti 6, með hefðbundnu sniði, með skjá og tússtöflu, borðum og sætum. Með tilkomu covid19 byrjuðum við að bjóða upp á þátttöku í gegnum netið til að auðvelda fólki úr viðkvæmum hópum þátttöku, ásamt fólki sem er með kvef- eða flensueinkenni, og eins til að geta tryggt lágmarksbil á milli þátttakenda (1 metri á haustönn 2020) og höfum haldið því áfram síðan. Hámarksfjöldi á námskeiði er 14 manns. Húsnæðið að Bolholti 6 hefur leyfi sem kennsluhúsnæði frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur til 2034 og uppfyllir þau skilyrði sem því fylgir, m.a. um aðgengi fyrir hjólastóla. Kennslan er sniðin að þörfum útlendinga sem ætla að búa á Íslandi til lengri tíma, hún á að gefa góðan grunn í málfræði og stafsetningu, auk þess að veita þeim þjálfun í notkun málsins. Lagt er mikið upp úr að skapa jákvætt og hvetjandi umhverfi fyrir nemendur – lítið er svo á að í námi komi ekkert í stað persónulegrar áhugahvatar þátttakendanna sjálfra.

2.1 Skráning

Múltikúlti íslenska tekur aðeins lágmarksupplýsingar frá viðskiptavinum sínum, s.s. nafn, kennitölu, netfang og/eða símanúmer, svo að hægt sé að varðveita námsupplýsingar og vera í samskiptum við nemendur.

2.2 Námsumhverfi og aðbúnaður

Kennslan hjá Múltikúlti íslensku fer fram á Bolholti 6 í húsnæði sem er samþykkt kennsluhúsnæði með fullnægjandi loftgæðum, lýsingu og aðgengi fyrir fatlaða. Í kennslurýmum er til staðar tússtafla, skjár og tölva, ásamt hljóðnemunum og vefmyndavélum fyrir þátttöku á netinu.

2.3 Lok námskeiða

Nemendur sem mæta a.m.k. í 75% tíma teljast hafa náð námskeiði og eiga rétt á því að fá viðurkenningu á að hafa lokið því. Próf og lokaverkefni eru framkvæmd til að gefa nemendum tæki til að meta hvort þeir séu tilbúnir fyrir næsta stig.

Hafi nemandi lokið námi með fullnægjandi mætingu (að lágmarki 75%), fær hann viðurkenningarskjal þar sem fram kemur dagsetning, nafn viðkomandi, stig, fjöldi kennslustunda og kennsluaðili.

2.4 Nemendabókhald

Haldið er utan um nöfn og kennitölu þeirra sem ljúka námskeiðum hjá Múltikúlti íslensku á google sheet-skrám. Þar er skráð nafn, kennitala, netfang, mæting og árangur í prófum. Ef nemandi óskar eftir því að fá þær upplýsingar getur hann haft samband við skólann og nálgast þessar upplýsingar.

Tryggt er að gögn um nám varðveitast með þrennum hætti:

- Útfylltir mætingalistar kennara eru varðveittir í möppu, svo hægt er að fletta upp og staðfesta mætingu tiltekins nemenda.
- Google sheet-skrár eru varðveittar rafrænt á netinu, en einnig á hörðum diska á tölvum í skólanum.
- Tvisvar á ári eru sendir listar í excel skjölum til Rannís með nöfnum og kennitölum þeirra nemenda sem lokið hafa íslenskunámskeiðum með fullnægjandi mætingu. Þessir listar eru vistaðir í tölvum, en einnig rafrænt sem viðhengi í tölvupóstum.

Glati nemendur viðurkenningum geta þeir leitað til skólans, sem útbýr nýja viðurkenningu eftir að hafa staðfest að viðkomandi nemandi hafi lokið þessu tiltekna námskeiði á fullnægjandi hátt.

3. Kennsla og námsefni

3.1 Kennarar

Við val á kennurum er litið til menntunar í tungumálum, reynslu í kennslu, en ekki síst hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði. Þegar kennarar kenna námskeiðin í fyrsta skipti þöllum við að fara vel yfir námsefnið með þeim til þess að sýna þeim þær áherslur sem við viljum leggja og einnig að vera til staðar fyrir kennslustundir ef kennarinn hefur einhverjar spurningar um námsefnið. Verið er að vinna í að búa til hefti fyrir nýja kennara með punktum og hugmyndum um hvernig nálgast skuli námsefnið. Einnig er mikil áhersla lögð á að allir kennarar geti leitað til hvers annars fyrir hugmyndir að kennsluefni, ráð við nálgun í kennslu og hvað sem viðkemur kennslunni. Kennurum ber að fara með nemendum í gegnum hefti hvers námskeiðs og útskýra fyllilega öll helstu atriði. Leitast er eftir að klára hvert hefti en náist það ekki er þó passað að öll helstu málfræðiatríði námskeiðsins séu tekin fyrir. Hafi nemendur einhverjar viðeigandi spurningar utan þess efnis, er einnig leitast við að svara þeim.

3.1.1 Ráðningarferli

- Þegar lagt er mat á hæfi kennara er fyrst litið til menntunar viðkomandi, þar sem helsta skilyrðið er að viðkomandi hafi lokið einhvers konar

tungumálanámi, hvort sem það er í íslensku eða öðrum tungumálum. Þá er litið til reynslu viðkomandi í kennslu.

- Að því tilskyldu að áðurnefnd skilyrði séu uppfyllt, býðst umsækjanda að kenna eitt byrjendanámskeið til reynslu, helst ekki fullskipað námskeið ef það er mögulegt.
- Að loknu námskeiðinu er lagt mat á frammistöðu kennara, þar sem grundvallaratriði eins og virðing og stundvísi er lykilatriði, en auk þess er lögð könnun fyrir nemendur þar sem m.a. er spurt um hvernig þeim hafi líkað kennarinn og að síðustu er litið til þess hvort og hversu margir nemendur úr námskeiðinu velja að halda áfram í skólanum á næsta stigi.

3.2 Námsefni

Á milli anna er fundur með kennurum þar sem farið er yfir ýmis mál, rætt það sem betur hefði mátt fara og umsagnir nemenda um námskeið. Á þessum fundum eru ábendingar kennara, jafnframt sem nemenda, teknar fyrir. Á þessum fundum er einnig farið yfir námsefnið, hvað megi betur fara og því er kennsluefnið í sífelltri þróun til þess að hámarka nýtingu þess en einnig til þess að vera í samræmi við nútímaleg samfélagleg viðhorf.

Heftið sem notast er við í Íslensku 1 var síðast uppfært í október 2023.

Heftið sem notast er við í Íslensku 2 var síðast uppfært í ágúst 2023.

Heftið sem notast er við í Íslensku 3 var síðast uppfært í ágúst 2023.

Heftið sem notast er við í Íslensku 4 var síðast uppfært í ágúst 2023.

Heftið sem notast er við í Íslensku 5 var síðast uppfært í ágúst 2023.

Í Íslensku 6 er ekki notast við hefti.

4. Persónuvernd og trúnaður

Í ágúst (2020) var fundur með fyrirtækinu Future404 til að fara yfir gagnamál fyrirtækisins, svo að þau uppfylli kröfur um gagnavernd Evrópusambandslaganna sem tekin voru upp á Íslandi árið 2018. Í framhaldi af því hafa eftirfarandi skref verið tekin hjá Múltíkúltí íslensku:

-Öll samskipti við nemendur fara í gegnumnetföng skólans: multikultimal@gmail.com (skráningarnetfang) og multislenska@gmail.com (fyrir tilfallandi samskipti við nemendur og við aðra aðila sem tengjast skólanum). Við segjum kennurum að láta nemendur beina samskiptum sínum á þessi netföng. Nemendur sem stunda nám í gegnum netið fá send próf í gegnum þessi netföng og fá prófin með leiðréttingum send til baka í gegnum sömu netföng.

-Ekki þótti ástæða til að setja skilmála umtækjanotkun. Allar tölvur sem notaðar eru við kennslu eru í eigu Múltikúlti íslensku og eru staðsettar varanlega í kennslustofum.

Innri öryggisstefna:

-Skipt er um lykilorð árlega, síðast í September '23.

-Aðgengi að google-skrám í gegnum ný tæki þarf að staðfesta í gegnum síma framkvæmdastjóra.

-Helstu upplýsingar um starfsfólk eru eingöngugeymdar í launakerfi regla.is og hefur eingöngu framkvæmdastjóri aðgang aðkerfinu. Auk þess hefur skrifstofustjóri, Joanna Zrobek, aðgang að símanúmerum og netföngum kennara. Aðgengi að google docs skrár hafa framkvæmdastjóri (Kjartan Jónsson), skrifstofustjóri (Joanna Zrobek) og gæðastjóri (Óskar Kjartansson).

-Nýir kennarar undirrita trúnaðaryfirlýsingu gagnvart nemendum. Notaður er Google authenticator við aðgangað google-skrám.

-Farið var yfir innihald dropbox skráa, þar sem geymd eru kennslugögn, og tryggt að þar eru engar upplýsingar sem falla undir persónuvernd.

Starfsfólk Múltikúlti íslensku gætir trúnaðar við viðskiptavini sína og skjólstæðinga og virðir rétt þeirra til trúnaðar. Persónuupplýsingar eru einungis notaðar í málefnalegum tilgangi og takmarkast aðgengi að slíkum upplýsingum af því. Fyllstu varúðar er gætt hvar og hvenær sem málefni skjólstæðinga eru til umræðu.

Stefna þessi er sett á grundvelli Laga um persónuvernd, 2018 nr. 90, 27. Júní.

5. Nemendur, ánægja, mæting og kröfur

Nemendur eiga rétt á auglýstum fjölda kennslustunda (60)/klukkustunda (40). Auk þess er þeim gerð grein fyrir þeirri lágmarksmætingu sem krafist er. Ef nemandi hefur lokið námi með fullnægjandi mætingu (að lágmarki 75%), fær hann viðurkenningarskjal (meðfylgjandi) þar sem fram kemur nafn viðkomandi, stig, fjöldi kennslustunda og kennsluaðili. Geti

nemendur ekki lokið námskeiði af óviðráðanlegum aðstæðum, býðst þeim að ljúka því á öðru námskeiði á sama stigi, án aukakostnaðar, að því gefnu að slíkt námskeið sé haldið og það sé ekki fullskipað.

Spurningalistar eru lagðir fyrir nemendur í lok námskeiðs þar sem þeir gefa álit sitt á gæðum kennslu, kennslugögnum og kennsluáðstöðu. Þá er litið til hversu stórt hlutfall nemenda heldur áfram á milli stiga, sem gefur vísbendingu um ánægju þeirra með námið. Í upphafi hvers námskeiðs er farið yfir ýmis praktísk atriði með nemendum sem þeir þurfa að vita. Þá eru nemendur látnir vita af mætingaskyldu og að ef þeir missi af tíma geti þeir bætt upp fyrir hann með því að mæta á öðrum tíma í staðinn. Auk þess gætum við þess að þau viti bæði tölvupóstfangið okkar og símanúmer ef eitthvað kemur upp á hjá þeim.

5.1 Réttindi, skyldur og ágreiningsmál

Komi upp ágreiningur á milli einhverra eftirtalinna aðila; kennara, nemenda eða annarra starfsmanna, er það á ábyrgð skólastjóra að leysa úr honum. Skólastjóri ræðir þá við viðkomandi og reynir að sætta aðila, en úrskurði að öðrum kosti í samræmi við kröfu um jafnræði, gagnsæi og góða stjórnsýsluhætti.

Ferill ágreiningsmála vegna samskipta

- Leitast skal við að leysa ágreining innan skólans.
- Ágreiningsmál skulu borin upp með skriflegum, rekjanlegum hætti.
- Ef ágreiningur verður á milli starfsmanna skólans geta aðilar málsins leitað til skólastjóra, sem ræðir við deiluaðila hvorn í sínu lagi og síðar saman.
- Skólastjóri leitar sátta með því að benda deiluaðilum á leiðir til að leysa ágreininginn.
- Ef ágreiningur er uppi hjá nemenda gagnvart öðrum nemanda/nemendum, leitar hann fyrst til kennara. Fáir hann ekki úrlausn sinna mála þar, getur hann leitað til skólastjóra.
- Ef ágreiningur er uppi hjá nemenda um ákvarðanir og/eða vinnubrögð starfsmanna Múltikúlti íslensku, leitar nemandi fyrst til skólastjóra með erindi sitt.
- Ef ágreiningur leysist ekki með aðkomu skólastjóra getur nemandi vísað málinu til stjórnar skólans, en hefur að auk þess rétt samkvæmt lögum um neytendakaup (2003 nr. 48, 20. Mars / Kaflar IV-VI)

Komi upp ágreiningsmál um hvernig náminu sé hagað eða uppsett, eða sé nemandi ósáttur við kennara, er fyrst hlustað á mál nemandans og annars vegar reynt að bæta úr hverju því sem nemandinn hefur út á að setja og hins vegar reynt að koma til móts við nemandann eftir fremsta megni. Sem dæmi sé nemendum gjarnan boðið að skipta um hóp, skipta um stig, skipta um tíma eða að mæta á annað námskeið síðar til þess að mæta þörfum nemenda. Sé ágreiningsmálið ekki leyst með þessu móti er það í höndum stjórnar skólans að ræða framhald málsins og úrlausn þess.

Námsmat nemenda MúltíKúltí byggist á mætingu nemanda í kennslustundir, samkvæmt þeim kröfum sem Menntamálaráðuneytið gerir og er forsenda styrkja ríkisins til íslenskukennslu fullorðinna. Komi upp ágreiningsmál um mætingu nemanda er fyrst of fremst vísað í mætingalista sem allir kennarar fylla út í lok hvernar kennslustundar, sem MúltíKúltí geymir að minnsta sjö ár aftur í tímann. Séu nemendur að mæta í kennslustundir í gegnum fjarbúnað, gerum við kröfu að nemendur hafi vefmyndavél í gangi á meðan tímanum stendur og að allir nemendur taki þátt í tíma til þess að fá mætingu. Kennurum ber að tilkynna þessar upplýsingar til nemenda í fyrsta tíma og láta nemendur vita að þeir fái ekki mætingu skráða séu þeir ekki að taka þátt, eða hafi ekki vefmyndavél í gangi. Glatist mætingalistinn, eða einhver vafi liggur á um upplýsingarnar á honum, er haft samband við kennara nemandans til þess að fá mat á hvort mæting og þátttaka nemandans í námskeiðinu hafi verið með fullnægjandi hætti. Sé ágreiningurinn ekki leystur þannig er það í höndum stjórnar skólans að ræða framhald málsins og úrlausn þess.

Ríkið gerir ekki kröfu um próf, en MúltíKúltí íslenska er með próf eða lokaverkefni í lok hvers námskeiðs sem gefur nemendum forsendur til þess að meta í samráði við kennara hvort þeir séu tilbúnir að fara á næsta stig eða hvort þeir þurfi mögulega að endurtaka stigið. Nemandur taka þó sjálfir endanlega ákvörðun um hvaða stig þeir kjósa að fara á.

Viðbrögð við og meðferð EKKO mála og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi eru eins og hér segir:

-Komi fram grunur eða vitneskja um slík mál, hvort sem er af hálfu starfsfólks eða nemenda, mun starfsmannastjóri eiga samtali við viðkomandi aðila.

-Telji þolandi nóg að tilkynna atburðinn/eineltið en vilji ekki fylgja því eftir verða ekki frekari eftirmálar, en ef um nemendur er að ræða verður haft samráð við kennara þolanda og

reynt að fyrirbyggja framhald af slíkri hegðun, með m.a. möguleika á að færa þolanda eða meintan geranda í annan hóp. Ef um kennara er að ræða, kemur til kasta stjórnar skólans að fjalla um málið.

-Vilji þolandi fylgja málinu frekar eftir er málið tekið fyrir hjá stjórn skólans sem ræðir framhald málsins og úrlausn þess.

-Varði málið við lög um ofbeldi eða kynferðislega áreitni er því vísað til lögreglu.

EKKO mál verða undir engum kringumstæðum umborin í skólanum, hvorki í samskiptum starfsmanna, samskiptum starfsmanna við nemendur, né í samskiptum á milli nemenda.

Upplifun einstaklingsins skiptir meginmáli þegar rætt er um einelti og aðra ótilhlýðilega hegðun. Sérhver þolandi verður sjálfur að meta hvaða framkomu hann umber, frá hverjum og segja frá sé honum misboðið.

Stefna þessi er sett á grundvelli 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

6. Gæðastjórnun

Múltikúlti íslenska er sífellt að meta hvort skólinn sé að ná þeim árangri sem hann vill ná.

Helstu tæki hans til þess eru eftirfarandi:

-Fundir með kennurum til að fara yfir námsefni og önnur mál. Síðasti fundur um gæðamál var haldinn í 13. júní, 2023 og má finna punkta af þeim fundi á gæða- og sjálfsmatsskýrslu á heimasíðu skólans.

-Kannanir á meðal nemenda í lok námskeiðs (sjá lið 4.4)

6.1 Fundur með kennurum – námsefni og fleira

Á milli anna er fundur með kennurum þar sem farið er yfir ýmis mál, rætt það sem hefði mátt betur fara og umsagnir nemenda um námskeið. Á þessum fundum eru ábendingar kennara, jafnframt sem nemenda, teknar fyrir. Á þessum fundum er einnig farið yfir námsefnið, eins og nefnt er í lið 3.2

6.2 Kannanir - lokamat

Lokamatið er viðhorfskönnun þar sem spurt er um upplifun nemenda af námskeiðinu. Í könnuninni, sem er nafnlaus, er spurt um viðhorf nemenda til:

- Kennara
- Námsefnis
- Húsnæðis
- Annað sem nemendur vilja nefna (stundum er spurt um hvar fólk hafi frétt af Múltikúlti íslensku í markaðsskyni.)

Í framhaldi af annarfundum kennara gerir gæðastjóri gæða- og sjálfsmatsskýrsla sem byggir á þeim gögnum sem safnað er í gegnum kannanir. Í skýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðum sjálfsmats fyrra árs og gerðar áætlanir um úrbætur byggðar á þeim.